

Gjaldskrá 2019 fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð

1. gr.

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Auk þess en innheimt hálf gjald af frístundarhúsum sem innheimt er með sama hætti.

Búrekstraraðilum er gefinn kostur á að greiða sérstaklega fyrir ílát undir búrekstrarúrgang, flutning hans og förgun samkvæmt gjaldskrá þessari. Þá er lagt á búfjáreigendur sérstakt gjald til að standa straum að kostnaði við förgun dýraleifa og tekur gjaldið mið að því að það standi undir kostnaði við förgunina.

3. gr.

Sorphirðugjaldið og fyrirkomulag móttöku á endurvinnslustöð á Dalvík er sem hér greinir:

- a) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 43.852,-
- b) Frístundarhús, sorphirðugjald, kr 21.926,-
- c) Í upphafi árs er úthlutað einu klippikorti á íbúð (16 klipp) og sumarhús (8 klipp) sem afhent eru í þjónustuveri ráðhússins á Dalvík. Notendur þurfa að framvísa klippikortinu til að komast inn á endurvinnslustöðina á Dalvík. Leigjendur verða að nálgast kortin hjá leigusala eða að kaupa sér kort.
- d) Klipppt verður fyrir gjaldskyldan úrgang á meðan tekið verður á móti ógjaldskyldum úrgangi án greiðslu. Skilt er að hafa klippikortið meðferðis þegar farið er á endurvinnslustöðina hvort sem um gjaldskyldan eða ógjaldskyldan úrgang er að ræða.
- e) Hvert klipp er upp á 0,25m³ sem samsvarar 240ltr heimilistunnu. Ef að kort klárast þá verður hægt að kaupa aukakort á kr. 12.000,-
- f) Rekstraraðilar geta keypt klippikort í þjónustuveri á kr. 29.200,- sem inniheldur 16 klipp fyrir 0,25 m³ í allt 4 m³.
- g) Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald frá íbúðum og sumarhúsum, þar má nefna: pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarðar, , ýmis spilliefni og úrelt ökutæki

4. gr.

Úrvinnslugjald vegna úrgangs frá búrekstri og dýraleifa er eftirfarandi:

- a. 240 lítra tunna fyrir almennan úrgang losuð tvisvar í mánuði 35.087,- kr/ár
- b. 360 lítra tunna fyrir almennan úrgang losuð tvisvar í mánuði 46.783,- kr/ár
- c. 240 lítra endurvinnslustunna losuð einu sinni í mánuði 17.375,- kr/ár.

- d. Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hverrar búfjártegundar samkvæmt búfjárefirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

Nautgripir 1.070,- kr./grip	Sauðfé og geitfé 197 kr./grip
Hross 420 kr./grip	Grísir 696 kr./grip

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitafélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og ákvæði 59. gr. laga um um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitt umsögn um ofangreinda gjaldskrá þann 5. nóvember 2018. Jafn framt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 1210/2017 úr gildi.

Samþykkt á fundi umhverfissráðs 7. nóvember 2018

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar 18. desember 2018

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 2019, um leið fellur eldri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 1210/2017 úr gildi.

Dalvíkurbyggð, desember 2018.

Katrín Sigurjónsdóttir
sveitarstjóri